

Hverfisiráð Hríseyjar

49. fundur

Þriðjudaginn 8. júní kl. 18:00 var 49. fundur Hverfisiráðs í Hrísey haldinn í Hlein. Mætt voru: Linda María Ásgeirsdóttir, Kristinn Fr. Árnason, Aðalsteinn Bergdal, Guðrún Þorbjarnardóttir og Víðir Björnsson. Einnig mætti Smári Thorarensen framkvæmdastjóri Eyfars ehf og skipstjóri á ferjunni Sævari.

Dagskrá:

1. Samgöngumál.

Í síðasta bréf frá Samgönguráðuneytinu dags. 13.apríl vegna fækkunar á ferðum Hríseyjarferjunnar Sævars, var ákveðið að funda með rekstraraðilum ferjunnar.

Í bréfi kemur þetta fram:

“Ráðuneytið vill ítreka að gripið hefur verið til niðurskurðar, þ.m.t. í ferjuþjónustu, vegna þeirra aðstæðna sem nú eru í fjármálum ríkisins. Við niðurskurð hefur verið leitast við að gæta jafnræðis en jafnframt að taka tillit til aðstæðna á hverju stað. Litið verður meðal annars til þeirra sjónamiða sem fram koma í erindi yðar við frekari niðurskurð en ekki er að svo stöddu hægt að útiloka að til hans komi”

Farið var yfir stöðun eins og hún er í dag og ákveðið að fá fund með nýrri bæjarstjórn þar sem óskað verður eftir stuðningi þeirra í þessu máli.

Og jafnframt að óska eftir fundi með starfsmönnum Vegagerðarinnar sem sjá um þessi mál.

Eftir þessar umræður vék Smári af fundi.

2. Umhverfismál

Linda lagði fram verkáætlun Staðardagskrár 21 2010-2012 sem bæjarstjórn samþykkti á fundi 18. maí s.l.

Kvartanir hafa borist um akstur utanveggar og m.a. hafa orðið skemmdir á flugvellinum.

“Hverfisiráð lýsir yfir miklum áhyggjum af þessu og óskar eftir að gripið verði til ráðstafana til að koma í veg fyrir frekari jarðvegs og gróðurskemmdir t.d. með úthlutun á svæði fyrir þessa íþróttaiðkun”

Rætt um hvort og hvernig sé hægt að nýta úrgang frá fiskvinnslum, úrgangi sem til þessa hefur verið hent í sjóinn.

3. Mastur við vitann.

Á síðasta fundi var farið út í vita til að gera tillögu að staðsetningu að mastri fyrir fjarskiptabúnað.

Komið hefur fram kvörtun vegna þeirrar staðsetningar. Fenginn var maður frá Tetra til að koma með nýja tillögu um staðsetningu og eftir hans tillögu verður mastrið staðsett austan við vitann.

4. **Önnur mál.**
Engin

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 20:00

Linda María Ásgeirsdóttir
Kristinn Fr. Árnason
Aðalsteinn Bergdal
Guðrún Þorbjarnardóttir
Víðir Björnsson

Fundargerð skráð í tölvu af Guðrínu Kristjánsdóttur